
Greinargerð

Áhrif ferðamennsku á náttúrufar Þjóðgarðsins á Þingvöllum

Ásrún Elmarsdóttir og Lovísa Ásbjörnsdóttir

Unnið fyrir Þjóðagarðinn á Þingvöllum, nóvember 2014



Áhrif ferðamennsku á náttúrufar Þjóðgarðsins á Þingvöllum

Síðastliðið haust óskaði þjóðgarðsvörður Þjóðgarðsins á Þingvöllum eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands tæki að sér að meta ástand náttúrufars innan þjóðgarðsins vegna fjölgunar ferðamanna síðustu árin. Í nýlegri samantekt Rögnvaldar Guðmundssonar, „Ferðamenn á Þingvöllum sumarið 2014 og þróunin frá 2004“ er áætlað að 588 þúsund ferðamenn heimsæki þjóðgarðinn árið 2014. Frá árinu 2004 hefur ferðamönnum á Þingvöllum fjölgað um 77%, þar af hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um 107% og Íslendingum um 19%. Ljóst er því að álag innan þjóðgarðsins er orðið mikið og líta þarf til skipulags, aðbúnaðar og innviða hans til að ekki verði skaði á náttúrufari.

Verkefnið felst í að gera forkönnun á ástandi náttúrufars í þjóðgarðinum og er því skipt í tvo áfanga:

1. Að fá yfirlit yfir áhrif ferðamennsku á náttúru þjóðgarðarins þar sem áhersla er lögð á þinghelgina. Náttúrufræðistofnun skilar greinargerð þar sem lagt verður mat á umfang áhrifa vegna ferðamennsku, ásamt tillögum um rannsóknir og vöktun sem miða að því leggja grunn fyrir frekari stýringu ferðamanna innan þjóðgarðsins svo koma megi í veg fyrir álagskemmdir.
2. Að fylgja eftir niðurstöðum eða tillögum greinargerðar úr fyrsta áfanga. Komi til þess verður um nýtt verkefni að ræða.

Dagana 22. og 23. september 2014 heimsóttu starfsmenn Náttúrufræðistofnunar, Ásrún Elmarsdóttir plöntuvistfræðingur og Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur, Þjóðgarðinn á Þingvöllum í þeim tilgangi að skoða ástand svæðisins. Guðrún St. Kristinsdóttir yfirlandvörður gekk með þeim um svæðið og einnig var rætt við Einar Á.E. Sæmundsen fræðslufulltrúa þjóðgarðsins.

LÝSING SVÆÐA

Áhersla var lögð á að skoða svæði innan þinghelginnar þar sem álag ferðamanna á náttúrufar er einna mest. Svæðin sem skoðuð voru innan þinghelginnar voru Hakið, Almannagjá, Drekkingarhylur, Flosagjá og Vallagjá. Utan þinghelginnar voru skoðuð svæðin við Öxarárfoss, Silfru, veiðistaðir við Þingvallavatn og Hrafnagjá. Þar að auki voru skoðuð svæði þar sem áhrifa manna gætir og náttúrufari þjóðgarðarins er mögulega ógnað, svo sem garðagróður innan sumarbústaðalanda norðvestan við vatnið, skógræktarsvæði og ágengar tegundir á Bláskógaheiði.

ÞINGHELGINHakið - Almannagjá - Drekkingsrhyllur

Flestir ferðamenn sem heimsækja Þingvelli ganga frá Hakinu um Almannagjá að Drekkingsrhyll. Við Hakið stoppa hópferðabílar og þar hefst skoðunarferð gestanna. Á Hakinu er gestastofa, þjónustumiðstöð, salerni og bílastæði. Aukning ferðamanna síðustu ár hefur sprengt þessa aðstöðu og yfir sumartíma er skortur á bílastæðum, sérstaklega fyrir stórar rútur. Þar að auki hefur ferðamannatími þjóðgarðsins lengst og nær nú yfir allt árið. Á Hakinu er myndarlegur útsýnispallur sem liggur í sveig um hraunklappir sem eru nú gróðurlausar vegna ágangs. Frá Hakinu fer umferð ferðamanna eftir Kárastíg ofan í Almannagjá. Í Almannagjá er göngustígurinn gerður úr lausri möl. Á malarstígunum hafa myndast vatnsrásir sem valda því að mölin dreifist yfir gróður og göngupalla þar sem slyshætta skapast. Um stíginn eftir Almannagjá má áætla að hundruð þúsunda ferðamanna gangi á hverju ári.



Hakið er vinsæll útsýnisstaður í þjóðgarðinum. Við Valhallarreitinn eru góð bílastæði sem mætti nýta betur. Loftm. Samsýn, ja.is.



Pallar leiða ferðamenn áfram á Hakinu. Hraunið er gróðurlaust vegna ágangs. Ljós. ÁE



Í Almannagjá hafa víða myndast troðningar. Ljós. LÁ




Vatnsrásir hafa myndast í malarstíg og dreifa mól yfir göngupalla og skapa slyshættu. Ljós. LÁ



Í Almannagjá eru grasi grónar tóftir sem minna á sögu þingstaðarins. Ljós. LÁ

Við stíginn í Almannagjá eru fornar búðir sem minna á sögu þingstaðarins. Rústirnar eru grasi grónar og því ekki mjög greinilegar. Í Almannagjá og þaðan að Drekingarhyl má víða sjá ummerki eftir traðk meðfram stígnum og troðninga utan hans þar sem ferðamenn hafa farið til að komast nær t.d. klettum, gjótum eða gróðri eða til myndatöku. Sumir þessara troðninga eru orðnir að moldarflagi og hér og þar hefur myndast rof í gróðurþekju. Landverðir þjóðgarðsins hafa brugðist við ágangi utan merktra göngustíga, m.a. með því að setja upp lág bannskilti og kaðlagirðingar þar sem umferð er bönnuð.



Við Drekingarhyl og á fleiri stöðum hefur svæði verið girt af með kaðli til að forðast meira traðk. Ljós. LÁ

Göngu- og útsýnispallar við Lögberg voru reistir fyrir Kristintökuhátíðina árið 2000. Álitamál er hvort gönguleið sem liggur frá Almannagjá, yfir Öxarárhólma og að Flosagjá sé nauðsynleg. Þar eru göngupallar lagðir yfir votlendi og hafa myndast troðningar utan við göngupallana þar sem breidd þeirra er ekki nægileg til að anna umferð ferðamanna. Ætla má að stígarnir hafi áhrif á lífríki hólmannna, þó sérstaklega á fuglalíf, og þeir breyta ásýnd svæðisins. Mögulegt er að endurheimta fuglalíf votlendisins verði stígnum lokað og pallar fjarlægðir.



Göngustígar liggja yfir Öxarárhólma og votlendi frá Almannagjá að Flosagjá. Breidd göngupallanna er ekki nægileg til að anna umferð ferðamanna og hafa myndast troðningar utan við þá. Ljós. LÁ

Þegar bornar eru saman loftmyndir frá mismunandi tímum af farvegi Öxarár innan þinghelginnar virðast sandrif og grynningar hafa aukist við hólmana og ósa árinna. Óljóst er hversu miklar breytingar eru í setburði Öxarár innan þjóðgarðsins eða hvort þær tengjast framkvæmdum utan hans, en full ástæða er til að kanna það frekar.



Öxará kvíslast um þinghelgina og undirlendi sigdældarinnar. Á loftmyndinni má greinilega sjá útsýnisstað og göngupalla í Lögbergi og hvernig gönguleiðin frá Almannagjá að Flosagjá þverar votlendi og hólmana yfir Öxará. Loftm. Loftmyndir ehf.



Frá Vallavegi er gott útsýni og annað sjónarhorn yfir Hallinn, Lögberg og Almannagjá. Á myndinni sést einnig vel hvernig göngupallar yfir Lögberg brjóta upp ásynd svæðisins. Ljós. LÁ

Flosagjá - Nikulásargjá

Meðfram Vallavegi að útsýnisstaðnum við Flosagjá má á nokkrum stöðum sjá troðninga út frá veginum sem liggja ekki að neinum ákveðnum stað og bæta ekki við upplifun ferðamanna. Virðist vera tilviljanakennt hvar þessir troðningar eru og ekki þarf mikinn ágang ferðamanna til að þeir myndist. Bannskilti hafa verið sett við nokkra þeirra en mögulega þarf að setja upp kaðlagirðingu meðfram veginum til að koma í veg fyrir troðninga. Leiðin frá Neðrivöllum að Flosagjá er nokkuð löng og engir skoðunarstaðir eru fyrr en komið er að gjánni. Á þessari leið er hins vegar mikið útsýni yfir Hallinn, Lögberg og klettaveggi Almannagjár.

Flosagjá og Nikulásargjá eru vinsælir áninga- og ljósmyndastaðir og þar er mikill átroðningur. Gjárnar hafa einnig verið nýttar til fræðslu fyrir skólahópa. Bílastæði er fyrir austan Nikulásargjá. Meðfram gjánum er víða gróðurlaust hraun og moldarflög, til dæmis á syðsta hluta Spangarinnar sem vinsælt er að ganga upp á. Samkvæmt upplýsingum frá yfirlandverði þjóðgarðsins stendur til að byggja þetta svæði upp fyrir ferðamenn og afmarka betur umferð við gjárnar. Það er þarft verk og mun bæði hlífa gróðri og bæta ásynd staðarins.



Frá Vallavegi má víða sjá troðninga út í hraunið vestan Brennugjár. Ljós. AE



Flosagjá er vinsæll staður til ljósmyndunnar og fræðslu. Ljós. LÁ



Álag og eyðing gróðurs er áberandi við Flosagjá. Ljós. AE

Vallagjá

Vallagjá er falleg hraunsprunga sem liggur norðan við Flosagjá. Meðfram barmi hennar er skemmtileg gönguleið. Gjáin er dæmi um stað innan þjóðgarðsins þar sem umferð ferðamanna hefur verið að aukast án þess að um merкта gönguleið sé að ræða. Á nokkrum stöðum hefur gróður troðist niður á gjábörmunum vegna ágangs og hefur moldarflag myndast. Landverðir þjóðgarðsins hafa fylgst með svæðinu og hafinn er undirbúningur að fyrirbyggjandi aðgerðum til að vernda svæðið fyrir frekari ágangi. Hér er um kapphlaup við tíma að ræða, því eins og fram hefur komið elta ferðamenn gjarnan troðninga sem þeir sjá án þess að vita hvert þeir liggja. Við Vallagjá fannst sjálfsáð furuplanta sem e.t.v. er fyrirboði annars vanda sem þjóðgarðurinn þarf að kljást við í framtíðinni.



Gróður hefur troðist niður á nokkuð breiðu belti á börmum Vallagjár. Ljósm. AE



Vallagjá er falleg gjá og aðgengi að henni er hægt að bæta. Ljósm. AE



Sjálfsáin stafafura fannst við Vallagjá. Ljósm. AE

Þingvallabær

Álag á gróður umhverfis Þingvallabæinn er ekki áberandi og virðist ganga vel að halda umferð innan þeirra stíga og leiða sem lagt er upp með. Í kringum bæinn sjálfan vaxa barrtré og birkitré.



Í kringum Þingvallabæ eru innlendar sem framandi trjátegundir. Ljósm. AE

UTAN ÞINGHELGIÖxarárfoss - Stekkjargjá

Tvær megingönguleiðir liggja að Öxarárfossi. Almennari leiðin er frá Efrivöllum, við nyrðri enda Almannagjár, þar sem eru rúmgóð bílastæði. Göngustígur úr hraunhellum liggur meðfram skógræktinni og upp á brún Stekkjargjár. Á efri hluta stígsins eru gamlar steintröppur. Göngupallar úr timbri taka við þegar komið er ofan í gjána og sitthvorumegin við þá hafa verið settar upp kaðlagirðingar til að halda ferðamönnum inn á göngupöllum.



Gönguleiðin frá Efrivöllum að Öxarárfossi liggur um steintröppur. Ljósmynd. LÁ

Hin leiðin liggur eftir Stekkjargjá og er gengið frá bílastæði við Þingvallaveg. Þarna er átroðningur greinilegur og gróður er tekinn að eyðast strax þegar komið er af bílastæðinu, áður en farið er ofan í Stekkjargjána. Hér hefur leiðin verið girt af með köðlum til að afmarka hana og forðast gróðurskemmdir. Gömul reiðleið liggur um Stekkjargjá en í dag er hún skammtileg gönguleið. Gengið er um Langastíg niður í gjána þar sem hún er þröng og grýtt. Gamlar grjóthellur eru í botni gjárinnar.

Eftir að komið er niður í gjána tekur við malarstígur. Stígurinn er víða siginn og þar safnast vatn fyrir sem leiðir til þess að ferðamenn leita út fyrir stíginn til að forðast vatnspolla. Troðningur er að verða áberandi í jaðri stígsins. Hér eru líka troðningar þar sem ferðamenn hafa farið út fyrir til að skoða t.d. klettana, gjótur eða gróður. Skilti og kaðlar hafa verið settir upp til að koma í veg fyrir þetta og starfsmenn Þjóðgarðarins hafa jafnframt dreift áburði til að flýta fyrir því að troðningar grói upp.

Við Öxarárfoss eru nýlegir timburpallar sem auðvelda ferðamönnum aðgengi að fossinum. Pallarnir auka öryggi ferðamanna, jafnframt því að vera áningarstaður og skapa aðstöðu til ljósmyndunar. Þrátt fyrir mikið mannvirki hefur uppbyggingin tekist vel á svæðinu.



Séð yfir gönguleiðina frá Þingvallavegi um Stekkjargjá að Öxarárfossi. Ljós. LÁ



Um Langastíg er gengið niður í Stekkjargjá. Leiðin er grýtt og hættu er á hrúni úr klettaveggjum gjárinna. Ljós. LÁ



Lélegir stígar valda því að ferðamenn færa sig út á gróid land og spilla gróðri. Ljós. LÁ



Aburður hefur verið borinn á troðninga til að flýta fyrir vexti gróðurs. Ljós. AE



Pallar við Öxarárfoss auðvelda aðgengi ferðamanna og koma í veg fyrir átroðning. Ljós. AE



Þrátt fyrir palla þarf einnig að stýra umferð ferðamanna frá grónum svæðum. Ljós. AE

Silfra

Gjáin Silfra er vinsæll staður til köfunar og hafa nokkur köfunarfyrirtæki leyfi til að þjónusta ferðamenn. Útbúin hefur verið aðstaða fyrir þessa hópa t.d. bílastæði og járnstigar niður í gjána og þar sem komið er upp eftir köfun. Á bökkum gjárinnar eru augljós ummerki um mikinn ágang og á stóru svæði er nær allur gróður horfinn og það orðið að moldarflagi. Algengt er að ferðamenn og áhangendur starfseminnar fylgist með köfurum. Hefur allt svæðið meðfram bakkanum, frá þeim stað þar sem farið er niður og þar sem komið er upp, orðið fyrir miklum átroðningi. Aðgerða er þörf ef vernda á svæðið. Þökur hafa verið settar meðfram stíg við Silfru. Ekki er æskilegt að nota þökur á þennan veg ef vernda á náttúrulegan gróður því grastegundirnar munu dreifa sér út í mólendið.



Horft til norðurs yfir gjána Silfru í átt að bílastæði. Ljósm. LÁ



Horft til suðurs í átt að Þingvallavatni. Mikið álag er á bakka Silfru og er gróður nær horfinn á stóru svæði meðfram vatninu. Ljósm. LÁ



Víða við Silfru hefur gróður troðiðst niður og eftir standa moldarflög sem geta verið sleip. Ljós. AE



Aðstaða kafara þar sem þeir fara niður í Silfru. Ljós. LÁ



Kafarar að koma upp eftir köfun í Silfru. Ljós. LÁ



Útsparkaður bakki vestan við Silfru. Ljós. ÁE



Graspökur meðfram göngustíg við Silfru. Búast má við því að grasið dreifi sér út í mólendið. Ljós. LÁ

Sumarbústaðir

Sumarbústaðalóðir suður af þinghelginni og norðvestan við Þingvallavatn brjóta óneitanlega upp það náttúrulega umhverfi sem er annars að finna innan þjóðgarðarins. Barrtré eru algeng umhverfis bústaðina og garðplöntur. Þar má einnig finna alaskalúpínu og hætta er á að hún nái að dreifa sér út frá þeim. Í mólendinu, sem liggur upp að gjábrúninni fyrir ofan bústaðina, eru augljós merki um að stafafuran er farin að sá sér innan þjóðgarðsins.



Ýmsar garðplöntur er að finna á sumarbústaðalóðum innan þjóðgarðar. Ljós. AE



Í Hallinum hefur ung stafafura vaxið upp af fræi í þjóðgarðinum. Ljós. AE

Skógrækt

Í Hallinum, norðan við þinghelgina og í austurhluta þjóðgarðarins eru allstórir barrtrjáalundir sem breyta heildarásýnd og yfirbragði svæðisins. Barrtrén skera sig sterklega frá gróðri þjóðgarðsins, bæði birkikjarri og mólendi sem einkenna hann. Norður af þinghelginni, við Efrivelli, er allstór skógræktarlundur sem kallast Furulundurinn. Lundurinn er ansi þéttur og botngróður rýr þar sem sólarljós er af skornum skammti. Virðist hann vera lítið notaður og lítið viðhaldið. Sé ætlunin að leyfa lundinum að vera er nauðsynlegt að grisja hann og opna þannig rjóður sem nýta mætti betur fyrir ferðamenn og auka við aðstöðu innan hans. Aðeins norðan við Furulundinn, í Fögrubrekku, eru nokkrar minni trjáþyrpingar þar sem tré eru í misgóðu ástandi og ekki öll til prýði. Furulundurinn og trjáþyrpingarnar í Fögrubrekku brjóta upp heildarásýnd svæðisins og landslagsupplifun þar sem hluti af gjánum og sigdældinni er hulinn. Ennfremur eru furutrén uppspretta fræja sem augljóslega ná að spíra, því að sjálfsáðar furuplöntur eru nokkuð áberandi.



Séð frá Vallagjá yfir Furulundinn sem hylur orðið eystri brún Stekkjargjár. Ljós. LA



Furulundurinn er allþéttur og botngróður víða rýr vegna sólarleysis. Ljós. AE



Frá Óxarárfossi má sjá barrtrén skaga upp yfir barma Stekkjargjár. Ljós. LA



Skógrækt í eystri hluta þjóðgarðarins sker sig frá náttúrulegum gróðri. Loftm. Loftmynd ehf.

Mikil skógrækt hefur verið í langan tíma í eystri hluta þjóðgarðsins, einkum við Hrafnagjá. Trjálundur norðaustan við Vellankötlu var skoðaður. Þegar litið er yfir landið skera þessir skógarlundir sig frá náttúrulegum gróðri svæðisins og gnæfa yfir hann. Ekki er neitt aðgengi fyrir ferðamenn að þessum lundum, þ.e. engin bílastæði, göngustígar eða áningarstaðir. Greinilegt er að grisjun hefur verið að skorum skammti og stór tré standa þétt saman.



Barrtré norðan við Vellankötlu rísa hátt yfir náttúrulegan gróður svæðisins. Ljós. AE

Bakkar Þingvallavatns

Skoðaðir voru þrír staðir við norðanvert Þingvallavatn til að meta ágang, m.a. vegna veiði í vatninu. Vellankatla við Vatnsvík er sögulegur staður og þar má sjá uppsprettur lindavatns streyma í Þingvallavatn undan hrauninu. Hér staldra ferðamenn við til að skoða uppspretturnar og reiðleiðin um Gjábakkastíg liggur hér framhjá. Á þessum stað hefur ekki verið byggð upp aðstaða fyrir ferðamenn og ummerki eru um traðk á vatnsbakkanum. Gróðurþekjan við vatnið hefur látið á sjá en undir er hraunklöpp sem þolir betur áganginn þó svo að gróðurinn hverfi á afmörkuðu svæði.



Gróður á vatnsbakkanum við Vellankötlu hefur látið á sjá og afmarka þarf göngusvæði. Ljós. LÁ



Við Vellankötlu er engin aðstaða fyrir ferðamenn og engin bílastæði. Ljós. LÁ

Vinsæll veiðistaður er við Vatnaskot. Þar er aðstaða fyrir veiðimenn, salerni og tjaldsvæði. Meðfram vatninu má sjá stíga en engin sjáanleg ummerki voru um rof eða jarðvegseyðingu tengdri þeim. Á grasbala við vatnið voru áberandi beitaráhrif af gæs. Mun minni sjáanleg áhrif af umferð má finna á veiðistað við Öfugsnáða.



Á bökkum Þingvallavatns eru allvíða grónir stígar og rof vart merkjanlegt. Ljósm. AE

Hrafnagjá

Við Hrafnagjá er eystri hluti sigdældar Þingvalla og þar má sjá miklar gjár og sprungur. Hér er góður útsýnisstaður yfir Þjóðagarðinn, Þingvallavatn, gjárnar og sigdældina sjálfa. Aðstaða hefur ekki verið byggð upp fyrir ferðamenn en greinilegt er að ferðamenn staldra við. Troðningar hafa myndast frá bílastæði að útsýnisstað þar sem vel sést yfir Hrafnagjána og sigdældina.



Traðk við við Hrafnagjá sem tengist útsýni yfir svæðið. Ljósm. AE



Frá Hrafnagjá er gott útsýni yfir Þingvallavatn og sigdældina. Barrtrén trjóna hátt yfir birkikjarrinu og skera sig úr umhverfinu. Ljós. ÁE

Bláskógaheiði

Útbreiðsla alaskalúpínu var skoðuð á Bláskógaheiði, aðallega á svæðinu frá Sandkluftavatni að Brunnavatni. Lúpínan hefur fest rætur á svæðinu og mun halda áfram að breiða úr sér. Stórar breiður er að finna einungis um 2-3 km norðan við Þjóðgarðinn. Í næsta nágrenni þeirra eru víðfeðm lítt gróin svæði þar sem lúpínan á auðvelt með að nema land.



Alaskalúpína hefur dreift úr sér í lítt grónum rásum í Tröllhálsl og er farin að dreifa sér út í gróð land. Ljós. ÁE

SAMANTEKT OG ÁBENDINGAR

Það fer ekki fram hjá neinum sem heimsækir Þjóðgarðinn á Þingvöllum í lok sumars að álag af völdum ferðamanna er mikið. Ekki bætir úr að síðustu tvö sumur hafa verið votviðrasöm á suðvesturhorni landsins sem gerir svæðið enn viðkvæmara fyrir ágangi. Ætla má að ferðamenn sem koma í hópum, hafa meiri áhrif á náttúrufar þjóðgarðarins heldur en þeir sem koma á eigin vegum. Til að draga úr álagi á náttúrufar er mikilvægt að stýra ferðamönnum eins og hægt er um þjóðgarðinn meðan á heimsókn þeirra stendur og leita leiða til að dreifa umferð og þar með álagi innan garðsins. Fræðsla og upplýsingar um náttúrufar og menningarminjar þjóðgarðsins er mikilvægur þáttur í þessu.

Gróður og jarðminjar

Ljóst er að gróðri hefur hnignað á þeim svæðum þar sem flestir ferðamenn fara um og álagið er mest. Hins vegar er greinilegt að sú uppbygging sem hefur átt sér stað í þjóðgarðinum, svo sem á Hakinu og við Öxarárfoss, hefur skilað árangri og dregið úr frekari skemmdum á gróðri. Áfram þarf að vinna á þessari braut en eins og lýsingarnar að framan gefa til kynna er álagið mikið á nokkrum stöðum og því tímabært að byggja þar upp aðstöðu. Þær einföldu aðgerðir sem starfsmenn þjóðgarðsins hafa framkvæmt, t.d. bannskilti og kaðlar, hafa gert sitt gagn en duga ekki í öllum tilfellum og sérstaklega ekki þar sem umferð er mikil.

Mestu álagssvæðin eru við Silfru og Flosagjá, þar sem gróðurþekjan er rofin og moldarflög eru áberandi. Jafnframt má benda á að svæðið meðfram Vallagjá hefur látið á sjá og þarfnast úrbóta. Við Flosagjá stendur til byggja svæðið upp til að geta tekið við þeim fjölda ferðamanna sem sækja staðinn. Nokkuð ljóst er að tíma tekur að endurheimta gróðurþekju sem nú er horfin á þessum stöðum, en með uppbyggingu er hægt að koma í veg fyrir frekari gróðurskemmdir.

Þegar kemur að jarðminjum er það sigdæld Þingvalla og brotasprungur hennar sem eru áhugaverðastar innan þjóðgarðsins. Svæðið er talið merkilegt á heimsvísu vegna ummerkja um gliðnun Norður-Atlantshafsins og á Þingvöllum efldust kenningar jarðvísindamanna um landrek fyrst eftir að þær komu fram. Stórkostlegt landslag á Þingvöllum endurspeglar jarðsögu Íslands frá ísöld til nútíma með fjölbreyttum jarðmyndunum. Á Þingvöllum þarf að varðveita jarðfræðilega ásynd svæðisins. Því er nauðsynlegt að í þjóðgarðinum eða í jaðri hans séu staðir með gott útsýni yfir sigdældina, gjárnar, vatnið og fjallahringinn, m.ö.o. þá jarðfræðilegu heild sem svæðið býður upp á. Göngupallar yfir Lögberg, furulundirnir við Stekkjargjá og Fögrubrekku eru dæmi um manngerðar framkvæmdir sem skerða útsýni yfir brotasprungur og jaðar sigdældarinnar. Hvoru tveggja er hægt að fjarlægja og endurheimta þannig fyrri ásynd svæðisins.

Ekki er mikil hætta á að jarðminjar skemmist vegna ágangs ferðamanna. Berar klappir koma þó til með að slitna og fá mýkri áferð á yfirborði eftir ágang í langan tíma. Aftur á móti er það ásynd svæðisins og upplifun ferðamannsins sem skerðist þar sem gróðurlausar klappir stinga í stúf við annars vel gróið hraunið.

Hafa ber í huga að breytingar á náttúru utan þjóðgarðsins geta haft áhrif innan hans. Til dæmis er mögulegt að breytingar í árframburði Öxarár innan þinghelginnar tengist efnistöku í árfarveginum utan þjóðgarðsins. Mikilvægt er að kanna rof og breytingar í árfarvegi Öxarár bæði utan og innan þjóðgarðsins. Aukinn framburður á fíngerðum efnum í ánni og út í ósa hennar getur breytt árfarveginum innan þjóðgarðsins, aukið rof og haft áhrif á lífríkið. Annað dæmi er alaskalúpína. Mikilvægt er að afla upplýsinga um útbreiðslu hennar í nágrenni þjóðgarðsins og meta möguleika hennar á að dreifa sér innan hans.

Skipulag og úrbætur vegna ferðamennsku

Þjóðgarðurinn þarf að beina heimsóknum ferðamanna á ákveðna staði þar sem aðstaða er fyrir hendi og þannig gerðir að þeir geti tekið við því álagi. Í dag eru þessir staðir Hakið, Almannagjá að Drekkingarhyl og Öxarárfoss frá Efrivöllum. Flosagjá mun bætist við eftir að uppbyggingu þar er lokið. Setja þarf fram skýra stefnu um heimsóknir stærri ferðamannahópa og upplýsa ferðaskrifstofur um hana. Ennfremur þarf að afmarka athafnasvæði ferðamannsins um svæðin til að vernda gróður.

Fjölga þarf útsýnisstöðum til að dreifa ferðamönnun um garðinn. Góður útsýnisstaður er á Hakinu og mætti íhuga að koma upp útsýnisstað við hinn enda sigdældarinnar, austan Hrafnagjár. Útsýnisstaður við Hrafnagjá krefst þess að gerð sé vönduð úttekt á svæðinu með tilliti til þess að lágmarka rask á náttúrufari og að þar verði gott aðgengi. Með lítilli fyrirhöfn má bæta útsýnis- og áningarstað við Vallaveg vestan Flosagjár þar sem hægt er að virða fyrir sér þinghelgina, Almannagjá og Lögberg. Mikilvægt er að við framkvæmdir innan þjóðgarðsins, svo sem við nýja stígagerð og útsýnisstaði, sé ávallt tekið tillit til þess að náttúrufar verði fyrir sem minnstu raski og að ekki sé um óafturkræfar framkvæmdir að ræða.

Vöktun, eftirlit og rannsóknir

Í ljósi þess að Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á Heimsminjaskrá UNESCO og einn vinsælasti ferðamannastaður landsins er mikilvægt að varðveita þau gildi sem hann stendur fyrir. Náttúrufar er eitt af þeim gildum og mikilvægt að til séu heildstæðar upplýsingar um það bæði innan þjóðgarðsins og á nærliggjandi svæðum. Nauðsynlegt er meta ástand og þróun náttúrufars innan þjóðgarðsins í tengslum við ágang vegna ferðamennsku og annarra áhrifaþátta. Fylgjast þarf vel með þeim svæðum þar sem umferð ferðamanna er að aukast og hiklaust á að loka viðkvæmum stöðum þar til gerðar hafa verið ráðstafanir til að vernda svæðið fyrir frekari ágangi.

Eitt af markmiðum stjórnvalda hér á landi í náttúruvernd er að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og vernda búsvæði dýra og plantna. Því er lagt til að þjóðgarðurinn setji sér markmið um viðhald á náttúrulegu gróðurfari, verndun friðaðra og sjaldgæfra tegunda og vistgerða. Jafnframt þarf að móta aðgerðaáætlun gagnvart framandi eða ágengum tegundum. Gera má ráð fyrir að aukin umferð ferðamanna um svæðið muni til framtíðar hafa áhrif á gróðurfar og mögulega tegundasamsetningu. Vöktun á gróðri gefur færi á að fylgst sé með breytingum og mikilvægt er að sú þekking sé fyrir hendi þannig að hægt sé að bregðast fljótt við ef þörf krefur. Sambærilegar grunnupplýsingar þurfa jafnframt að vera til staðar fyrir aðra náttúrufarsþætti. Til að styðja stefnu sem þessa þurfa að liggja fyrir grunnupplýsingar um tegundir og vistgerðir svæðisins og útbreiðslu þeirra. Slíkar upplýsingar nýtast jafnframt vel sem fræðsla fyrir ferðamenn og skólahópa.

Helstu tillögur að rannsóknum og vöktun innan þjóðgarðsins:

- Mat á jarðfræðilegri ásýnd
- Vöktun náttúrunnar, svo sem gróðurs, fugla og smádýra
- Könnun á breytingum í árfarvegi og árframburði Öxarár
- Stefnumörkun og aðgerðaáætlun um náttúrufar
- Stefnumörkun og aðgerðaáætlun um framandi tegundir